

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 37 22. janúar 1986 um stjórn mjólkur- framleiðslunnar verðlagsárið 1985—1986.

1. gr.

Við 9. gr. bætist ný málsgrein, sem verði 1. mgr. hennar, svohljóðandi:

Búnaðarsambandi er heimilt að leita eftir skriflegri staðfestingu mjólkurframleiðanda sem hættir eða dregur svo úr mjólkurframleiðslu, að hann nýtir ekki að fullu fullvirðisrétt sinn í mjólk á verðlagsárinu 1985/86. Að fenginni slíkri staðfestingu úthlutar búnaðarsambandið þessum ónýtta fullvirðisrétti til aðila innan sama svæðis, sem hófu mjólkurframleiðslu til innleggs í afurðastöð eftir 31. ágúst 1985. Skal fullvirðisréttur þessi að hámarki nema áætlaðri framleiðslu ásettra kúa og kvígna hjá viðkomandi aðila skv. forðagæsluskýrslu haustið 1985. Hver kýr reiknast 20 ærgildi og kvíga 12, en hver ærgildisafurð telst 174 l mjólkur. Þeim fullvirðisrétti sem ekki er nýttur skv. 1. mgr. þessarar greinar, skal úthlutað í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar þessarar. Afsal fullvirðisréttar með ádurgreindum hætti hefur engin áhrif á fullvirðisrétt viðkomandi mjólkurframleiðanda á verðlagsárinu 1986/87.

2. gr.

Á eftir 9. gr. komi ný grein, 9. gr. A, svohljóðandi:

Nú er keypt búmark í mjólk af búmarkshafa á ákveðnu svæði, sbr. rg. 370/1985, og er þá heimilt að færa allt að 20% þess til annarra búmarkssvæða og úthluta því með eftirfarandi hætti:

- a) til framleiðenda, sem hófu mjólkurframleiðslu til innleggs í afurðastöð 1. sept. 1985 eða síðar, sbr. 1. mgr. 9. gr.
- b) til framleiðenda, sem þurft hafa að auka mjólkurframleiðslu tímabundið vegna niðurskurðar sauðfjárhjarða sinna til útrýmingar riðuveiki eftir 1982.

Umsóknir um fullvirðisrétt skv. a- og b-lið skulu sendar viðkomandi búnaðarsambandi fyrir 30. apríl 1986. Samþykki búnaðarsambands fyrir því að umsækjandi verði veittur aukinn fullvirðisréttur og þá hve mikill að hámarki, skal sent Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 10. maí 1986. Reynist fullvirðisréttur er kemur til ráðstöfunar skv. þessari grein minni en samanlagður fullvirðisréttur samþykktur af búnaðarsamböndum, er framleiðsluráði heimilt að takmarka hann þannig að heildarfullvirðisréttur nemi hjá öllum umsækjendum sama hlutfalli af því hámarki sem 1. mgr. 9. gr. segir til um. Framleiðsluráð tilkynnir framleiðanda um breytingu á fullvirðisrétti skv. þessari grein. Fer um gildi þeirra tilkynninga og úrlausn ágreinings, er rísa kann vegna ákvæða 9. gr. og 9. gr. A, eftir 2. mgr. 8. gr. Sá

hluti keypts búmarks, sem ekki flyst til skv. staflíð a) og b), skal fyrst ganga hlutfallslega upp í þann fullvirðisrétt, sem úthlutað hefur verið mjólkurframleiðendum á viðkomandi svæði, sbr. 5. gr. 2. tl. a í reglugerð nr. 37/1986 og er umfram þá 1 000 000 lítra mjólkur, sem þar eru tilteknir, en þar á eftir skv. 9. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. apríl 1986.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vinnumiðlun nr. 129/1986.

1. gr.

Staflíður k) í 4. gr. orðist svo:

Húsavík.

Tjörneshreppur.

Reykjahreppur.

Aðaldælahreppur.

Reykdælahreppur.

Bárðdælahreppur.

Ljósavatnshreppur.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 18/1985 um vinnumiðlun, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 2. apríl 1986.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Óskar Hallgrímsson.